

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/22/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6477 – BP/Chevron/Eni/Sonangol/Total/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2012/EES/22/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6516 – Sumitomo Mitsui Financial Group/RBS Aviation Capital Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2012/EES/22/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6544 – Royal Bank of Canada/RBC Dexia Investor Services Limited) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2012/EES/22/04		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6012 – CD&R/CVC/Univar)	4
2012/EES/22/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6346 – APMT/Bolloré/Congo Terminal)	4
2012/EES/22/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6396 – Rhenus/Wincanton International)	5
2012/EES/22/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6401 – Waterland/Alychlo/Omega Pharma)	5
2012/EES/22/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6492 – Scor/MAF/Essor JV)	6
2012/EES/22/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6496 – Apollo/Taminco)	6

2012/EES/22/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6510 – Remondis/Sortiva/Stam Papier Recycling)	7
2012/EES/22/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6520 – Cinven/George Topco).	7
2012/EES/22/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6531 – Toshiba/HDD Assets of Western Digital)	8
2012/EES/22/13	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/8/12 – Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Söluumboðakerfi“ 2012	8
2012/EES/22/14	MEDIA 2007 – Auglýst eftir tillögum – EACEA/10/12 – Stuðningur við tilraunaverkefni	11
2012/EES/22/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru	13

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/22/01

(mál COMP/M.6477 – BP/Chevron/Eni/Sonangol/Total/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. apríl 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið BP plc („BP“), hið bandaríska Chevron Global Energy Inc. („Chevron“), hið ítalska Eni SpA („Eni“), hið angólska Sociedade Nacional de Combustíveis de Angola, Empresa Pública („Sonangol“) og hið franska Total SA („Total“), öðlast í sameiningu óbein yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í angólska fyrirtækinu Angola LNG („JV“), sjálfstæðu félagi sem fyrirtækin ráða í sameiningu, með breytingu á starfsemi JV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BP: leit, þróun og framleiðsla á olíu og gasi; hreinsun, framleiðsla og markaðsfærsla olíuvara (eldsneyti, orka og efni unnin úr jarðolíu); og þróun á endurnýjanlegri orku
 - Chevron: leit, framleiðsla og flutningur á olíu og gasi; hreinsun og sala á eldsneyti og smurefnum; framleiðsla og sala á efnum unnum úr jarðolíu; raforkuframleiðsla
 - Eni: framleiðsla, flutningur, umbreyting og markaðsfærsla á olíu og gasi; raforkuframleiðsla; byggingarframkvæmdir og tæknivinna
 - Sonangol: leit, framleiðsla, flutningur og markaðsfærsla á kolvatnsefni í Angóla, og olíusala á alþjóðlegum mörkuðum
 - Total: leit að hráolíu og jarðgasi, raforkuframleiðsla og -flutningur, markaðsfærsla jarðolíuafurða og alþjóðleg viðskipti með hráolíu og hráolíuafurðir
 - JV: framleiðsla á fljótandi jarðgasi (LNG) í Angóla og afhending fljótandi jarðgass á alþjóðavísu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 110, 17. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6477 – BP/Chevron/Eni/Sonangol/Total/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6516 – Sumitomo Mitsui Financial Group/RBS Aviation Capital Group)

2012/EES/22/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. apríl 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Sumitomo Mitsui Financial Group („SMFG“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu RBS Aviation Capital Group („RBS AC“), sem samanstendur af írsku fyrirtækinu RBS Aerospace Ltd., hinu breska RBS Aerospace UK Ltd., og því ástralska RBS Aerospace Leasing Pty Ltd., þremur dótturfélögum í einkaeigu Royal Bank of Scotland.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SMFG: fyrirtækjabankastarfsemi, almenn viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi
 - RBS AC: kaupleiga á flugvélum til almennra nota og tengd starfsemi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 14. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6516 – Sumitomo Mitsui Financial Group/RBS Aviation Capital Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/22/03****(mál COMP/M.6544 – Royal Bank of Canada/RBC Dexia Investor Services Limited)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. apríl 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Royal Bank of Canada („RBC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu RBC Dexia Investor Services Limited („RBC Dexia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RBC: fyrirtæki á sviði fjármálaþjónustu sem stundar almenna bankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi, þjónusta við auðstýringu, váttryggingar, fyrirtækjabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi og sinnir bakvinnsluþjónusta um heim allan
 - RBC Dexia: félagið er nú í sameiginlegri eigu RBC og Dexia SA og stundar sölu á margvíslegri eignavörslu-, sjóðstýringar- og lífeyrisstýringarþjónustu; verðbréfalán, þjónusta við hluthafa, greining og önnur tengd þjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 110, 17. apríl 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6544 – Royal Bank of Canada/RBC Dexia Investor Services Limited, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/04**
(mál COMP/M.6012 – CD&R/CVC/Univar)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. nóvember 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M6012. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/05**
(mál COMP/M.6346 – APMT/Bolloré/Congo Terminal)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. apríl 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6346. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/06**
(mál COMP/M.6396 – Rhenus/Wincanton International)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6396. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/07**
(mál COMP/M.6401 – Waterland/Alychlo/Omega Pharma)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32011M6401. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/08**
(mál COMP/M.6492 – Scor/MAF/Essor JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6492. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/09**
(mál COMP/M.6496 – Apollo/Taminco)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 10. febrúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6496. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/10**
(mál COMP/M.6510 – Remondis/Sortiva/Stam Papier Recycling)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6510. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/11**
(mál COMP/M.6520 – Cinven/George Topco)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6520. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/22/12**
(mál COMP/M.6531 – Toshiba/HDD Assets of Western Digital)

Framkvæmdastjómin ákvað hinn 26. mars 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6531. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf

2012/EES/22/13

Auglýst eftir tillögum – EACEA/8/12

Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Söluumboðakerfi“ 2012

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007) ⁽¹⁾.

Meðal markmiða áætlunarinnar er að ýta undir og styrkja aukningu á dreifingu nýlegra evrópskra kvikmynda milli landa með því að veita dreifendum aðgang að fjármunum, á grundvelli árangurs þeirra á markaði, til endurfjárfestingar í nýjum kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

Áætlunin hefur einnig það markmið að ýta undir tengsl milli framleiðenda og dreifenda og auka þannig markaðshlutdeild evrópskra kvikmynda og samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu, sem gegna hlutverki miðlara fyrir framleiðanda, sem sérhæfir sig í nýtingu kvikmynda í ágóðaskyni með því að selja þær dreifendum eða öðrum kaupendum eða með því að veita þeim leyfi til að sýna þessar myndir erlendis, og sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum MEDIA-áætlunarinnar, eins og þeim er lýst í ákvörðun ráðsins.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins.
- Einu EES-ríkjanna.
- Sviss.
- Króatíu.
- Bosníu og Hersegóvínu (háð því að samningaferlinu ljúki og að formlega verði gengið frá aðild landsins að MEDIA-áætluninni).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 327, 24.11.2006, bls. 12.

3. Styrkhæf starfsemi

Stuðningur í gegnum „Söluumboðakerfið“ fer fram í tveimur þrepum sem hér segir:

- Hugsanleg styrkveiting er reiknuð í samræmi við árangur fyrirtækisins á Evrópumarkaði á viðmiðunartímabilinu (2007–2011).
- Fjármunir í þessum mögulega sjóði eru síðan endurfjárfestir: Skylt er að endurfjárfesta fjármuni, sem safnast hjá hverju fyrirtæki á þennan hátt, í tveimur einingum (tveimur tegundum aðgerða) fyrir 1. mars 2014:
 1. lágmarksábyrgðum eða fyrirframgreiðslum vegna alþjóðlegs söluréttar á nýjum kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda,
 2. og/eða kynningar-, markaðs- og auglýsingakostnaði vegna nýrra kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

Til þess að kvikmynd geti orðið hlutgeng má fyrsti höfundarréttur hennar ekki vera frá því fyrir árið 2007.

Aðgerðirnar mega ekki standa lengur en í 18 mánuði frá og með þeim degi sem alþjóðlegur sölusamningur er gerður.

Eftirfarandi frestir gilda um endurfjárfestingu mögulegs sjóðs sem verður til vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum:

Alþjóðlegan sölusamning/samkomulag við framleiðandann má undirrita 18. júní 2012 hið fyrsta.

Umsóknir um endurfjárfestingu verður að senda stofnuninni áður en sex mánuðir eru liðnir frá undirritun alþjóðlegs sölusamnings/samkomulags við framleiðandann og eigi síðar en 1. mars 2014 (dagsetning póststimpils gildir).

4. Viðmið við úthlutun

Hugsanleg styrkveiting til styrkhæfra söluumboða í Evrópu verður ákveðin á grundvelli árangurs sem þau hafa náð á Evrópumarkaði (þ.e. í löndum sem eru aðilar að MEDIA-áætluninni). Styrkjum verður úthlutað til söluumboða úr mögulegum sjóði („sjóðnum“) til frekari fjárfestingar í nýlegum kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

Fari fjárhæðin sem safnast í tengslum við þessa auglýsingu yfir 1,5 milljónir evra, verður hver mögulegur sjóður lækkaður hlutfallslega.

Styrki má endurfjárfesta

1. til að standa straum af lágmarksábyrgðum eða fyrirframgreiðslum vegna alþjóðlegs söluréttar á nýjum kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda,
2. til að standa undir kynningar-, markaðs- og auglýsingakostnaði vegna nýlegra kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 1 500 000 evra.

Fjárframlög til endurfjárferstingarverkefna sem tekið verður á móti 2013 og 2014 eru háð samþykki fjárveitingarvaldsins á fjárhagsáætlunum Evrópusambandsins fyrir þessi ár. Verkefni sem tekið verður við í lok 2013 og á árinu 2014 eru að auki háð því að Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins samþykki tillögu framkvæmdastjórnarinnar að áætluninni um skapandi Evrópu (2014–2020) og samþykkt vinnuáætlunarinnar fyrir 2014.

Fjárframlög eru veitt sem styrkir. Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar. Ekkert hámark er sett á einstaka styrki.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Tillögur um „söfnun“ í mögulegan sjóð verða að berast á eftirfarandi pósthfang eigi síðar en 18. júní 2012 (dagsetning pósthimpils gildir):

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency (EACEA)
Mr. Constantin DASKALAKIS
BOUR 3/66
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra. Umslög skulu merkt greinilega á þennan hátt:

MEDIA 2007 – Distribution EACEA/8/12 – International sales agent scheme

Umsóknir, sem sendar eru með símbréfi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Heildartexta umsóknarleiddbeininganna og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/culture/media/programme/distrib/schemes/sales/index_en.htm

Umsóknum ber að skila á til þess gerðu eyðublaði ásamt öllum upplýsingum og fylgiskjölum sem óskað er eftir.

MEDIA 2007**2012/EES/22/14****Auglýst eftir tillögum – EACEA/10/12****Stuðningur við tilraunaverkefni****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007).

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að styðja framkvæmd tilraunaverkefna.

Heimilt er á grundvelli áætlunarinnar að styðja tilraunaverkefni til að tryggja að hún fylgi markaðsþróun, og þá með sérstakri áherslu á innleiðingu og notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins.
- Einu EES-ríkjanna.
- Sviss.
- Króatíu.
- Bosníu og Hersegóvínu (háð því að samningaferlinu ljúki og að formlega verði gengið frá aðild landsins að MEDIA-áætluninni).

3. Styrkhæf starfsemi

Eftirtaldar aðgerðir geta hlotið styrki samkvæmt þessari auglýsingu:

1. Dreifing: Nýjar aðferðir við framleiðslu og dreifingu á evrópsku hljóð- og myndefni með ólínulegum hætti.
2. Opið framleiðslumhverfi fyrir fjölmiðlaefni.
3. Dreifing – Kynning og markaðssetning: Uppbygging svæðisbundinna „kvikmyndasamfélaga“ með notkun veraldarvefjarins.
4. „Audiovisual Junction Portal“: Meiri og betri aðgangur að og nýting á skipulegum upplýsingum um evrópskt hljóð- og myndefni í mörgum gagnagrunnum.

Aðgerðirnar geta staðið í 12, 24 eða 36 mánuði.

Aðgerðirnar verða að hefjast 1. janúar 2013.

4. Viðmið við úthlutun

Umsóknir um aðgerðir, sem teljast styrkhæfar, verða metnar samkvæmt eftirtöldum úthlutunarviðmiðum:

- Hvaða gildi starfsemin hefur með hliðsjón af markmiðum áætlunarinnar (20%)
- Hver Evrópuþáttur starfseminnar er (20%)
- Hversu skýrt er greint frá markmiðum og markhópum (15%)
- Hvort almenn útfærsla aðgerðarinnar einkennist af skýrleika og samkvæmni og hvaða líkur eru á að sett markmið náist á starfstímanum (15%)
- Hversu hagkvæm aðgerðin er (10%)

- Hvaða reynsla hlutaðeigandi samtök hafa og hversu vönduð rekstraráætlun er lögð fram (10%)
- Hversu vönduð og skilvirk áætlun er lögð fram um dreifingu niðurstaðna (10%)

5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 1 500 000 evra.

Ekkert hámark er sett á einstaka styrki.

Fjárframlög verða greidd sem styrkir. Fjárframlagið verður ekki hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en **18. júní 2012**.

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra. Umslög skulu merkt greinilega á þennan hátt:

MEDIA 2007 – Pilot Projects – EACEA/10/12

Umsóknir verða að berast í ábyrgðarbréfi eða með boðsendingu (á kostnað umsækjanda) á eftirfarandi pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
MEDIA 2007 – Pilot Projects – EACEA/10/12
Mr Constantin DASKALAKIS
BOUR 03/30
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir, sem sendar eru með símbreffi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Ítarlegar umsóknarleiðbeiningar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/culture/media/programme/newtech/pilot/index_en.htm

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru**

2012/EES/22/15

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðlasamtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 581-1:2006 Útihúsgögn – Stólar og borð til útilegu-, heimilis- og atvinnu- nota – 1. hluti: Almennar öryggiskröfur	–	
CEN	EN 913:1996 Fimleikabúnaður – Almennar öryggiskröfur og prófunar- aðferðir	–	
CEN	EN 916:2003 Fimleikabúnaður – Stökkkistur – Kröfur og prófunaraðferðir, þ.m.t. vegna öryggis	–	
CEN	EN 957-1:2005 Líkamsræktartæki – Hluti 1: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-2:2003 Líkamsræktartæki – Hluti 2: Styrktarþjálfunartæki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-4:1996 Líkamsræktartæki – Hluti 4: Styrktarþjálfunarbekkir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-5:1996 Líkamsræktartæki – Hluti 5: Líkamsræktartæki með pedólum, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-6:2001 Líkamsræktartæki – Hluti 6: Göngu- og hlaupabretti, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-7:1998 Líkamsræktartæki – Hluti 7: Róðrarvélar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-8:1998 Líkamsræktartæki – Hluti 8: Stigvélar og þrekstiggar – Sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-9:2003 Líkamsræktartæki – Hluti 9: Skiðavélar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 957-10:2005 Líkamsræktartæki – Hluti 10: Þrekhlól með föstu hjóli eða án fríhjóls, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 1129-1:1995 Húsgögn – Beddar sem leggjast saman – Öryggiskröfur og prófun	–	
CEN	EN 1129-2:1995 Húsgögn – Beddar sem leggjast saman – Öryggiskröfur og prófun – 2. hluti: Prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 1130-1:1996 Húsgögn – Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota – 1. hluti: Öryggiskröfur	–	
CEN	EN 1130-2:1996 Húsgögn – Ungbarnarúm og vöggur til heimilisnota – 2. hluti: Prófunaraðferðir	–	

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 1273:2005 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Göngugrindur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 1400-1:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 1. hluti: Almennar öryggiskröfur og vöruupplýsingar	–	
CEN	EN 1400-2:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 2. hluti: Tæknilegar kröfur og prófanir	–	
CEN	EN 1400-3:2002 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Snuð fyrir börn og ungbörn – 3. hluti: Kröfur og prófanir varðandi efnisinnihald	–	
CEN	EN 1466:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – burðarrúm og standur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 1651:1999 Svifhlífabúnaður – Belti – Öryggiskröfur og styrkleika-prófanir	–	
CEN	EN 1860-1:2003 Tæki, fast eldsneyti og kveikiefni til nota í grill – 1. hluti: Grilltæki sem brenna föstu eldsneyti – Kröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN ISO 9994:2006 Kveikjarar – Öryggisákvæði (ISO 9994:2005)	–	
CEN	EN 12196:2003 Fimleikabúnaður – Hestar og kubbar – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 12197:1997 Fimleikabúnaður – Svifrár – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 12346:1998 Fimleikabúnaður – Veggrimlar, reitarimlar og klifurgrindur – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 12432:1998 Fimleikabúnaður – Jafnvægisglár – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 12491:2001 Svifhlífabúnaður – Neyðarfallhlíf – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 12586:1999 Hlutir til nota við barnaumönnun – Snuðkeðja – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
	EN 12586:1999/AC:2002	–	
CEN	EN 12655:1998 Fimleikabúnaður – Hringir – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	–	
CEN	EN ISO 12863:2010 Staðlaðar prófunaraðferðir til að meta kvikunareiginleika vindlinga	–	

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 13138-2:2002 Flotbúnaður til nota við sundkennslu – 2. hluti: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir flotbúnað sem fólk heldur á	–	
CEN	EN 13209-1:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Barnaburðarpokar – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir – Hluti 1: Bakburðarpokar með grind	–	
CEN	EN 13319:2000 Fylgibúnaður til nota við köfun – Dýptarmælar og samstæður dýptar- og tímamæla – Virkni- og öryggiskröfur, prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 13899:2003 Íþróttabúnaður á hjólum – Hjólaskautar – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14059:2002 Olíulampar til skrauts – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14344:2004 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Barnastólar á reiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14350-1:2007 Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Drykkjaráhöld – 1. hluti: Almennar og tæknilegar kröfur og prófanir	EN 14682:2004	Liðinn (30.6.2008)
CEN	EN 14682:2004 Öryggi barnafatnaðar – Bönd og reimar í barnafatnaði – Forskriftir	–	
CEN	EN 14764:2005 Borgar- og torfærureiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14766:2005 Fjallareiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14781:2005 Keppnisreiðhjól – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir	–	
CEN	EN 14872:2006 Reiðhjól – Aukahlutir fyrir reiðhjól – Bögglaberar	–	
CEN	EN 16156:2010 Vindlingar – Mat á kvikunareiginleikum – Öryggiskrafa		
Cenelec	EN 60065:2002/A12:2011 Hljóð- og myndbúnaður og ámóta rafeindabúnaður – Öryggiskröfur	Athugasemd 2	24.1.2013
Cenelec	EN 60950-1:2006/A12:2011 Upplýsingatæknibúnaður – Öryggi – 1. hluti: Almennar kröfur	Athugasemd 2	24.1.2013

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819

(<http://www.cen.eu>)

CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919

(<http://www.cenelec.eu>)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716

(<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (*date of withdrawal* eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.

Nánari upplýsingar um samhæfða staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/enterprise/newapproach/standardization/harmstds>

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.